

GREINARGERÐ

**fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins,
í máli nr. 4/2022 á svæði 11, Austfirðir**

I. Inngangur

1. Undirritaðir lögmenn, Edda Andradóttir og Andri Andrason, Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, fara með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins.

II. Kröfugerð

2. Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að allt landsvæði innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæða, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Hamarsbætur

Upphafspunktur er í Hamarsá við Hraungil (1) og er gilinu fylgt upp á fjallseggjar (2). Er fjallseggjum fylgt til norðurs og vesturs á Bratthálsvotn (3) og þaðan vestur að svæðismörkum (4). Er svæðismörkum fylgt til suðurs, niður fyrir Hamarsárvötn og Hamarsdalinn upp á hæsta punkt á svæðismörkum beint vestan við Jökulhæð (5) og þaðan austur á Jökulhæð (6). Yfir Þrándarjökul á Lambatungusker (7) að upptökum Gufugils (8) og er Gufugili fylgt niður að Hamarsá (9) og þaðan í upphafspunkt.

Afréttarland Geithellnadal

Upphafspunktur er í Þrándará (1) og er ánni fylgt upp á fjallseggjar, allt upp á Lambatungusker (2). Paðan eftir fjallseggjum yfir á Þrándarjökul og Jökulhæð, síðan beint vestur í hæsta punkt á svæðismörkum (3). Frá svæðismörkum aftur austur að stöðuvatni því sem ræður upptökum Geithellaár (4) og þaðan eftir Geithellaá niður í upphafspunkt.

Hofsjökull og Staðarafrétt

Upphafspunktur er á svæðismörkum í miðjunum Hofsjöklí (1). Paðan er svæðismörkum fylgt til norðurs og vesturs á vatnaskil vestan við upptök Geithellnaár (2), síðan í upptök árinnar og eftir Geithellnaá þar til Marklækur rennur í ána (3). Paðan er Marklæk fylgt

að upptökum á Öxlum (4) og þaðan suður í Hofsdal eftir Bótarlæk (4) niður í Hofsá (5). Úr Hofsá upp Hvannstóðshjalla (6) og á Stakk (7) og þaðan niður með Kolbrekkugili í Suðurá (8). Er Suðurá fylgt til austurs þar til Partsgil rennur í hana, en þaðan er Partsgili fylgt upp að upptökum og á Partstind (9) á svæðismörkum. Er svæðismörkum fylgt aftur í upphafspunkt.

III. Málavextir

3. Um málavexti vísast til kröfulýsingar íslenska ríkisins, dags. 25. janúar 2022 og leiðrétt 4. febrúar 2022. Kröfur ríkisins voru kynntar af hálfu óbyggðanefndar og kallað var eftir kröfum þeirra sem kynnu að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Að teknu tilliti til skiptingar svæðis 11 í fjögur mál bárust gagnkröfur frá eftirtöldum aðilum í máli nr. 4/2022:
 - Eigendur Bragðavalla I og II, og eigandi Hamars, að því er varðar kröfusvæðið Hamarsbætur.
 - Eigandi Geithellna I, Geithellna II, Virkishólasels og Kambssels, og eigandi Blábjarga, að því er varðar kröfusvæðið Afréttarland Geithellnadals.
 - Eigandi Múla I og Múla 1A, eigendur Múla 2, og eigandi Múla 3, að því er varðar kröfusvæðið Hofsjökull og Staðarafrétt.
 - Eigandi Hofs, eigandi Markúsarsels og Tunguhlíðar, og eigandi Flugustaða, að því er varðar kröfusvæðið Hofsjökull og Staðarafrétt.

IV. Málsástæður og lagarök

(a) Almennt um öll kröfusvæðin

4. Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þau þjóðlendukröfusvæði sem fjallað er um í greinargerð þessari séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða allt landsvæði innan kröfupunkta skv. framangreindum kröfulínum og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæða.
5. Að öðru leyti en fram kemur í greinargerð þessari vísast um afmörkun kröfusvæða og málsástæður ríkisins til kröfulýsingar, dags. 25. janúar 2022 og leiðrétt 4. febrúar 2022. Einnig vísast til fyrirliggjandi heimilda um kröfusvæðin og tengd landsvæði sem raktar eru í kröfulýsingu ríkisins og í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands.
6. Byggt er á því að þau kröfusvæði sem fjallað er um í greinargerð þessari hafi verið utan landnáms. Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins

landnám á svæðinu náði. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Fyrirliggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðja það.

7. Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, sem afréttarlönd eða til annarra sambærilegra nota. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tilteknar kirkjur eða jarðir hafi kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst er hvernig viðkomandi kirkjur eða jarðir voru tilkomnar að þeim réttindum eða hvað fólst nánar í því tilkalli.
8. Að því er varðar öll kröfusvæðin er horft til staðhátta, gróðurfars og heimilda um nýtingu lands. Er m.a. litið til lýsinga á Sultarafrétt, Staðarafrétt, Afrétt og Hálsafrétt í Flugustaðadal, Hofsdal, Geithellnadal og Hamarsdal í sóknalýsingu Hofs- og Hálssókna 1840¹ og annarra heimilda.
9. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila vegna hvers kröfusvæðis hafnað.
10. Í greinargerð þessari er að öðru leyti fjallað um helstu heimildir, röksemadir og önnur atriði sem teljast styðja kröfu íslenska ríkisins hvað hvert kröfusvæði varðar.

(b) Hamarsbætur

11. Að því er varðar þann hluta kröfusvæðisins Hamarsbætur sem liggur norðan Hamarsár vísast til þess að heimildir um jörðina Hamar og hjáleiguna Hamarssel benda eindregið til þess að eignarland Hamars afmarkist til vesturs af Steiná, sem er utan kröfusvæðis ríkisins. Sjá hér m.a. bisкупsvítasíu fyrir Hálskirkju í Hamarsfirði frá 3. september 1641 og síðar heimildir, þ. á m. vítisíur frá 11. september 1677, 18. júlí 1769 og 30. ágúst 1863. Hið sama á við um landamerkjabréf Hamars og hjáleigunnar Hamarssels frá 9. apríl 1884 og 22. maí 1918.

¹ Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), m.a. bls. 558.

12. Kröfusvæðisins er fyrst getið í tengslum við jörðina Hamar í fyrrnefndri prófastsvísitasíu frá 30. ágúst 1863. Þar segir, eftir að merkjum jarðarinnar er lýst á milli Steinár og Vigðarlæks: „Héraðauki hefir Háls kyrkja óáttalið átt eða verið eignað um langan aldr afréttarland innarlega í Hamarsdal sunnan við ána, Semkallast Hálskyrkjuafrétt innan ákveðinna takmarka.“ Kröfusvæðinu er þarna lýst utan merkja jarðarinnar, sem bendir ekki til þess að til stofnunar eða yfirlæstu beins eignarréttar að kröfusvæðinu hafi komið með lögformlegum hætti. Ber lýsingin frekar með sér að verið sé að lýsa landsvæði sem jörð hefur nytjar af án þess að það fylgi henni sem annað land hennar.
13. Engu getur breytt þótt kröfusvæðisins sé getið í landamerkjabréfi Hamars og hjáleigunnar Hamarssels frá 9. apríl 1884, sbr. reglan um að með gerð landamerkjabréfs geta menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Í þessu sambandi er og bent á að í landamerkjabréfinu er vísað til svæðisins með sama hætti og áður, þ.e. eftir að merkjum jarðarinnar hefur verið lýst, með eftirfarandi hætti: „Þess ber að geta, að jörðin Hamar, á sem afrjettarland $\frac{3}{4}$ úr svo kölluðum „Hamarsbótum“, sem eru innst í Hamarsdal, frá Veturhúsalandi og á Sker inn og upp.“ Bendir þessi lýsing ekki til þess að liðið hafi verið svo á að kröfusvæðið hafi verið undirþorpíð beinum eignarrétti, en þess skal getið að ekki er vísað til kröfusvæðisins í landamerkjabréfi jarðarinnar Hamars og hjáleigunnar Hamarssels frá 22. maí 1918.
14. Hér skal einnig bent á, varðandi tilkall jarðarinnar Hamars, að kröfusvæðið er aðskilið landi jarðarinnar Hamars af landi jarðarinnar Veturhúsa, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum afmarkast af Steiná og Hraungili, sbr. landamerkjabréf Veturhúsa, dags. 29. júní 1883. Ekki verður séð af fyrirliggjandi heimildum að Veturhús hafi gert tilkall til kröfusvæðisins. Ekkert bendir heldur til þess að Veturhús hafi áður talist hluti Hamars eða tilheyrt þeirri jörð.
15. Að því er varðar þann hluta kröfusvæðisins sem liggar sunnan Hamarsá þá benda fyrirliggjandi heimildir til þess að sá hluti kröfusvæðisins falli jafnframt utan merkja eignarlanda jarða. Þannig eru vesturmörk eignarlands Bragðavalla miðuð við Kálfauragil (Gufugil) í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 18. apríl 1883 og vesturmörk eignarlands Melrakkaness eru miðuð við Knarhúsaá í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 12. apríl 1883. Verður ekki séð að nokkru breyti hér þótt lagt yrði til grundvallar að Bragðavöllum hafi verið skipt út úr Melrakkanesi, enda bendir ekkert til þess að eignarland Melrakkanes hafi fyrir það náð lengra en til Kálfauragils (Gufugils). Sjá í þessu sambandi lýsingu á landeign Melrakkaness í lögfestu Árna Magnússonar, Einars

Hjörleifssonar og Odds Teittssonar vegna Melrakkaness frá árinu 1521, sem gagnaðili virðist þó vilja meina að sé falsbréf.

16. Kröfusvæðisins sunnan Hamarsár er getið í nefndum landamerkjabréfum Bragðavalla og Melrakkaness frá 1883, en í báðum tilvikum eftir að merkjum jarðanna er lýst og í tengslum við ýmis önnur réttindi þeirra. Í landamerkjabréfi Bragðavalla segir þannig: „þess ber að geta, að jörðin Bragðavellir á í sameiningu við Melrakkanes fjórða part afréttarlands frá Gufugili og inn og uppá sker sunnanmegin Hamarsáar.“ Í landamerkjabréfi Melrakkaness segir: „Ennfremur ber þess að geta að jörðin Melrakkanes á afrjettarland á Hamarsdal sunnan Hamarsáar frá Kálfaugagili (Gufugili) að utan og á sker upp og inn, nema hvað Bragðavellir eiga í sameining við Melrakkanes fjórðapart afrjettarlandsins.“ Kröfusvæðinu er þarna lýst utan eiginlegra merkja jarðanna, sem bendir ekki til þess að litið hafi verið svo á að kröfusvæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti. Ber lýsingin frekar með sér að verið sé að lýsa landsvæði sem jörð hefur nytjar af án þess að það fylgi henni sem annað land hennar.

(c) Afréttarland Geithellnadals

17. Fyrirliggjandi heimildir benda til þess að eignarlönd í Geithellnadal, norðan Geithellnaár, afmarkist til vesturs af Þrándará, sem austurmörk kröfusvæðis ríkisins miðast við. Vísast hér til þess að þrátt fyrir að í landamerkjabréfi jarðarinnar Geithellna, dags. 24. mars 1883, komi fram að Geithellnar eigi allt land í Geithellnadal austan (norðan) Geithellnaár „og inná Öræfi“, þá er þar jafnframt rætt um önnur svæði innan þessara merkja, þ. á m. afréttarland Geithellnadals frá Þrándará og allt á sker upp.
18. Í landamerkjabréfinu segir n.t.t. hvað þetta varðar: „[...] Þess ber að geta, að aðgreindur frá Geithellnalandi og innan þessara takmarka liggur svokallaður fátækrapartur Geithellnahrepps eign. Nú er þessum parti úr skipt og hefur hann sín landamörk fyrir sig, svo hvert sem eykst eða eyðist er það hreppsins tap eða ávinningur, land það er þessum parti er skipt er sjerstakt kot, svokallað Kambssel, það á nú allt land milli Kambfellsgils og Þrándaráar, allmikið land og gott, tölувert skógi vaxið, auk þess á það eptir jarðarmagni og jarðardýrleika tilkall til afréttarlands Geithelladals, sem telst frá Þrándará og allt á sker upp eptir þeim takmörkum sem áður eru greind.“ Kröfusvæðinu er þarna lýst utan eiginlegra merkja jarðarinnar, sem bendir ekki til þess að litið hafi verið svo á að kröfusvæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti. Ber lýsingin frekar með sér að verið sé að lýsa landsvæði sem jörð hefur nytjar af án þess að það fylgi henni sem annað land hennar.

19. Tekið skal fram að ekki liggja fyrir heimildir eldri en framangreint landamerkjabréf frá 1883, sem benda til þess að land Geithellna hafi náð lengra en til Þrándarár, sbr. sú regla að með gerð landamerkjabréfs geta menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Ekkert bendir heldur til þess að hér skuli hafa þýðingu að Kambsseli hafi verið skipt út úr Geithellnum, en Þrándará ræður merkjum Kambssels.

(d) **Hofsjökull og Staðarafrétt**

20. Fyrirliggjandi heimildir benda til þess að mörk eignarlanda í Álftafirði nái a.m.k. ekki lengra inn til landsins og dalanna Múladals, Hofsdals og Flugustaðadals en að mörkum kröfusvæðisins Hofsjökuls og Staðarafrétt. Taka ber fram að afmörkun kröfusvæðisins til suðausturs/austurs tekur mið af því að fyrirliggjandi heimildir eru óljósar og misvísandi um merki jarða á svæðinu inn til landsins.
21. Ekkert er minnst á landamerki, a.m.k. ekki inn til dalanna, í eldri heimildum um jörðina Hof. Á þetta m.a. við um máldaga Maríukirkju að Hofi 1. september 1314, Vilchins máldaga frá um 1397 og máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570. Í biskupsvísitasíu frá 12. september 1677 er merkjum Hofs einungis lýst utan kröfusvæðisins, n.t.t.: „[...] ad austann J votaberged J midium Múla hälse og rettsynis ofann J Grástein Sem Stendur fyrer ofann Hærukollz nes / ad Sunnann a midlj Flugustada og Starmýrar rædur landamerkinn Kliffbrúnenn vpp J Hafiallz Øxl og rettsyniz ofann ä lä So sem hun tilvisar [...]“. Samskonar lýsingu á merkjum er að finna í biskupsvísitasíu fyrir Hofskirkju frá 5. september 1641. Sjá einnig vitnisburð sr. Guðmundar Guðmundssonar á Hofi um landamerki Hofs og Starmýrar frá 3. september 1699.
22. Hér má einnig vísa til lögfestu sr. Guðmundar Högnasonar, dags. 17. júní 1694, fyrir jörðina Hof með Flugstöðum, en merkjum Flugustaða er þar lýst: „[...] a Nyrðri Sídu í Votabergid i midjum Múla Hálsi, og rettsínis ofani grástein, sem stendr fyrir ofan Hærukollsnes; á sydri Sidu alt ad Landamerkjum milli Starmýrar og Flugustada, hvar Vördum rædur klifbrúninn uppi háfiallsöxl, og réttsynis ofaná Lá, svosem hún tilvisar [...]“. Þá má hér vísa til þess að á sáttafundi hjá sáttanefnd Geithellnaumdæmis 3. desember 1883 var tekið fyrir mál vegna ágreinings um landamerki milli jarðanna Hofs og Múla. Um sættir var bókað í sáttabók: „[...] þannig ad landamerki verdi tekinn úr midju votabergi (í Arnarhömrum), beina línu í vördu þá er hladinn er 65 födmum fyrir Nordaustan Stein þann er stendur hjerumbil í Nordaustur frá bænum, við eða í túninu á Hærukollsnesi [...]“.

23. Þess verður að geta að þrátt fyrir framangreindar eldri heimildir má skilja lýsingar í landamerkjabréfum jarðanna Múla, Hofs og Flugustaða þannig að kröfusvæðið falli í heild eða að hluta innan þeirra. Í landamerkjabréfi Múla, dags. 27. júní 1885, er um merki þannig vísað til upptaka Geithellnaár og innskerja. Sjá hér einnig lögfestu vegna Múla frá 6. júní 1843, þar sem lýst er í allt land sunnan Geithellnaár inná vörp. Í landamerkjabréfi Hofs með hjáleignum Hærulkollsnesi, Rannveigarstöðum, Tunguhlíð og Markúsarseli, dags. 13. maí 1885, er landeign prestsetursins Hofi lýst um Hofsá inn dalinn allt til Jökulfells og frá Jökulfelli í norðurbrún Hofsjökuls, þaðan eggjar og röðlar á fjallgarðinum allt að Votabergi í miðjum Múlahálsi. Í landamerkjabréfi Flugustaða, dags. 30. apríl 1884, er merkjum síðan lýst inná varp fyrir innan Jökulfell. Sjá hér einnig arnað landamerkjabréf Flugustaða, dags. 22. júní 1920, þar sem merkjum er lýst „með eggjum og tindum inn yfir Jökulfell á Flugustaðadal“ og „alt til upptaka kvíslarinnar [suðurkvísl Hofsár] á Flugustaðadal“.
24. Þrátt fyrir að kröfusvæðið geti þannig talist falla í heild eða hluta innan merkjalýsinga skv. ofangreindum landamerkjabréfum er hins vegar til þess að líta að framangreindar eldri heimildir styðja ekki að eignarlönd á svæðinu nái til kröfusvæðisins, sbr. og sú regla að með gerð landamerkjabréfs geta menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði.

V. Lagarök

25. Um lagarök er fyrst og fremst vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu. Einnig vísast til 72. gr. stjórnarskrárinna, og meginreglna eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt vísast til almennra reglna samninga- og kröfuréttar og hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

VI. Sönnunargögn

26. Um sönnunargögn er vísað til framlagðra skjala og hliðsjónargagna. Ekki eru lögð fram ný gögn með greinargerð þessari, en áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, ef tilefni gefst til á síðari stigum.

VII. Almennur áskilnaður og fyrirvari

27. Af hálfu íslenska ríkisins er áskilinn réttur til að koma að frekari málsástæðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, og til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Þá er áskilinn réttur til að auka við þjóðlendukröfur og til að setja nýjar þjóðlendukröfur fram, eftir því sem tilefni gefst til og lög leyfa. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 13. desember 2023,
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
f.h. íslenska ríkisins,


Andri Andrason, lögmaður


Edda Andradóttir, lögmaður